

Árið 2007, föstudaginn 5. október, kl. 13:30, kom byggingarnefnd Eyjafjarðar saman til **62. fundar** að Óseyri 2, Akureyri.

Fyrir voru tekin eftirtalin erindi:

1. Bríet Þorsteinsdóttir Tékklandi (b.t. Jóns Helga Péturssonar Ægissíðu 22, Grenivík), sækir um leyfi fyrir íbúðarhúsi á lóð nr. 12 við Sæland á Grenivík, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Kollgátu, sbr. 1. tölulið 59. fundargerðar frá 5. júní 2007.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið.**

2. Sveinn Sigurbjörnsson Ártúni, Grýtubakkahreppi, sækir um leyfi fyrir garðhúsi við íbúðarhús sitt að Ártúni. Meðfylgjandi eru teikningar af húsinu og afstöðumynd.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið.**

3. Kristján Kjartansson Einhóli Svalbarðsströnd, sækir um leyfi fyrir að trésmíðaverkstæði á lóð í landi Mógils verði breytt í geymsluhúsnæði.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti.**

4. Höfðahús íbúðaleiguf. ehf Lónsbakka, Hörgárbyggð, sækir um leyfi fyrir frístundahúsi á lóð nr. 37 í Kotabyggð, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Vektor-hönnun og ráðgjöf dags. 28.09.2007.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið.**

5. Anna Katrín Þórsdóttir Freyjunesi 6, Akureyri, sækir um leyfi fyrir baðhúsi á íbúðarhúsalóinni að Fosslandi 3, Eyjafjarðarsveit, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá H.S.Á. teiknistofu, verk nr. 05-307. Erindið var grendarkynnt fyrir íbúum við Fossland og samþykktu allir aðilar byggingu hússins.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið.**

6. Atli Hörður Bjarnason Rifkelsstöðum I, Eyjafjarðarsveit, sækir um leyfi fyrir að breyta hlöðu og fjósi ásamt viðbyggingu á jörðinni Rifkelsstöðum I, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Byggingarþjónustu Bændasamtaka Íslands, verk nr. 0971-10.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið enda verði teikningar lagfærðar í samræmi við athugasemdir frá eldvarnareftirliti.**

7. Dagný Linda Kristjánsdóttir Kolgerði 3, Akureyri, sækir um leyfi fyrir einbýlishúsi á Jórunnarstöðum 2, Eyjafjarðarsveit, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá AVH teiknistofu. Fram kemur í byggingarlýsingu að flytja á hús sem byggt var 1982 og byggja viðbyggingu við það.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið, en bendir húsbyggjendum á, að eftir breytingar sem þarf að gera á húsinu, að það standist kröfur byggingarreglugerðar um íbúðarhús.**

8. Hestamannafélagið Funi Gránufélagsgötu 27 Akureyri, sækir um leyfi fyrir að breyta útliti á áður samþykktri reiðskemmu á Melgerðismelum, samkvæmt teikningum eftir Jónas Vigfússon, verk nr. 2005.02, sbr. 4. tölulið 44.fundargerðar frá 8. nóvember 2005.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið.**

9. B. Hreiðarsson ehf Þrastarlundi, Eyjafjarðarsveit, sækir um leyfi fyrir einbýlishúsi á lóð nr. 5 við Hjallatröð í Reykárhverfi, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Opus teikni- & verkfræðistofu verk nr. 070901.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið.**

**10.** Albert Jensen Syðra-Brekkukoti, Arnarneshreppi, sækir um leyfi fyrir geymslubyggingu á jörðinni Syðra-Brekkukoti, samkvæmt meðfylgjandi teikningum eftir Jónas Vigfússon, dags. 17. sept. 2007, verk nr. 2007.04.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið.**

**11.** Þórhallur Arnórsson Jörfabyggð 10, Akureyri, sækir um leyfi fyrir breyttri notkun á Hjalteyrarskóla (Skruggu) og sameina matshluta úr tveimur í einn, samkvæmt meðfylgjandi teikningum eftir Bjarna Reykjalín. Húsnæðið verður íbúð með bílageymslu í kjallara og óráðstöfuðu rými þar til annað verður ákveðið.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti.**

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:00

Árni Kristjánsson  
Klængur Stefánsson  
Pálmi Laxdal

Egill Bjarnason  
Kristján Kjartansson  
Jósavin Gunnarsson